

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Fjölgreinanám

Eigindleg rannsókn á fjölgreinanámi við Lækjarskóla

Bjarni Jakob Gíslason
130976-5659

Brynjar Harðarson
161282-3759



Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, Grunnskólakennarafræði
Maí 2008

Ágrip

Ritgerð þessi byggist á eigindlegri rannsókn á fjölgreinanámi í Lækjarskóla í Hafnarfirði. Markmiðið með þessari rannsókn var að kynna okkur fjölgreinanám, út á hvað það gengur, hvaðan hugmyndin um fjölgreinanám kemur og hvort þetta fyrirkomulag í kennslu sé eitthvað sem vert er að taka upp í fleiri skólum.

Viðtöl voru tekin við deildarstjóra fjölgreinanámsins og tvo nemendur sem eru eða hafa verið í fjölgreinanámi við skólann. Einn nemandinn stundar nám við deildina í 10 bekk og hinn nemandinn er útskrifaður úr fjölgreinanáminu. Auk viðtala var gagna aflað með lestri á fræðilegu efni og upplýsingar fengnar frá Lækjarskóla, bæði af heimasíðu og úr gagnagrunni skólans. Markmið með viðtölunum var að varpa ljósi á það hvernig kennurum og nemendum þykir þetta verkefni, fjölgreinanám, hafa tekist til.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að huga þarf vel að skipulagi í skólum þegar einstaklingsmiðað nám er annars vegar. Þær sýna fram á það að skólar þurfa að geta boðið nemendum upp á fjölbreytt námsefni og fjölbreyttar námsleiðir á efri árum grunnskólans til þess að hægt sé að mæta þörfum hvers nemanda fyrir sig. Ef skortur er á úrræðum eykst hættan á því að nemendur flosni snemma upp úr námi og sjái ekki tilgang í því að mennta sig frekar í framtíðinni.

Formáli

Hugmyndin að þessu verkefni kviknaði á öðru ári í Kennaraháskólanum þegar við vorum að vinna verkefni í smíðastofunni við Skipholt. Við höfðum báðir verið að vinna með unglíngum hjá Íþróttá- og tómsundaráði og ræddum um það hvernig hægt væri að koma til móts við þá nemendur í gagnfræðaskóla sem væru komnir á grátt svæði námslega. Við vorum báðir sammála um að nemendur sem ættu við námsörðugleika að stríða eða hefðu meiri áhuga á verkgreinum þyrftu að hafa meira val á námsleiðum. Við ræddum þá hugmynd að nauðsynlegt væri að bjóða upp á einhvers konar smíðju sem nemendur gætu komið í og stundað sitt verknám með tilliti til áhugasviðs. Skipti þá engu máli hvort áhuginn væri á smíðum, vélum, myndmennt eða öðrum list- og verkgreinum.

Þegar við fórum að ræða þessa hugmynd við Brynjar Ólafsson, aðjúnkt við list- og verkgreinar í Kennaraháskólanum, benti hann okkur á skóla í Hafnarfirði sem byði upp á svokallað fjölgreinanám. Við fengum okkur bíltúr einn daginn og heimsóttum Lækjarskóla í Hafnarfirði. Eftir frábærar móttökur þar frá kennurum skólans ákváðum við að fjölgreinanám Lækjarskóla yrði okkar viðfangsefni sem lokaverkefni frá Kennaraháskóla Íslands. Við viljum þakka Brynjari Ólafssyni kærlega fyrir leiðsögnina. Hann fær okkar bestu þakkir fyrir að vera okkur innan handar hvenær sem við þurftum á að halda. Einnig viljum við koma fram þakklæti til Lækjarskóla í Hafnarfirði og þá sérstaklega Kristínu Maríu Indriðadóttur deildarstjóra fjölgreinanámsins.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	6
2. GRUNNSKÓLALÖG OG AÐALNÁMSSKRÁ	7
2.1 Lög um grunnskóla	7
2.2 Aðalnámsskrá, almennur hluti	8
2.3 Aðalnámsskrá, hönnun og smíði.....	10
2.4 Einstaklingsmiðað nám.....	11
3. FJÖLGREINANÁM	13
3.1 Fjölgreinanám Lækjarskóla.....	13
3.2 Þörf á úrræðum	14
3.3 Fleiri skólar bjóða nú upp á fjölgreinanám	14
4. FRAMKVÆMD RANNSÓKNARINNAR	15
4.1 Rannsóknaraðferð.....	15
4.2 Val á þátttakendum	15
4.3 Úrvinnsla gagna.....	16
5. VIÐTAL VIÐ DEILDARSTJÓRA FJÖLGREINANÁMS	17
5.1 Uppruni og skipulag fjölgreinanáms.....	17
5.2 Þörfin fyrir fjölgreinanám.....	18
5.3 Mæting nemenda og andrúmsloft í skólanum	19
5.4 Reynsla af einstaklingsmiðuðu námi	19
5.5 Einstaklingsmiðað fjölgreinanám	20
5.6 Nauðsynlegt að breyta til ef illa gengur.....	20
5.7 Fjölbreyttar kennsluáðferðir.....	21
5.8 Fjöltækni nám í Lækjarskóla.....	22
5.9 Framhaldsbraut Lækjarskóla.....	22
5.10 Framtíð fjölgreinanámsins	23
6. VIÐTÖL VIÐ NEMENDUR Í FJÖLGREINANÁMI	24
6.1 Forsaga Sigurðar og Gunnars.....	24
6.2 Gamli skólinn.....	24
6.3 Af hverju að skipta um skóla	24
6.4 Kostir fjölgreinanáms	25
6.5 Gallar fjölgreinanáms.....	26
6.6 Framtíðaráform	26

7. SAMANTEKT	27
7.1 Einstaklingsmiðað nám	27
7.2 Námsörðugleikar	28
7.3 Fjölbreyttar námsleiðir	29
LOKAORÐ	31
HEIMILDASKRÁ	32

1. Inngangur

Skólastarf á Íslandi er í sífelldri þróun og hefur tekið miklum breytingum síðustu ár. Grunnskólum er veitt visst svigrúm þegar kemur að vægi milli námsgreina og er misjafnt eftir skólum hvar áherslurnar liggja. Við gerðum eigindlega rannsókn á fjölgreinanámi í Lækjarskóla og kynntum okkur þau úrræði sem skólinn býður upp á fyrir nemendur sem hneigjast meira í átt að list- og verkgreinum og þá nemendur sem eiga við námsörðugleika að stríða. Við lögðum upp með eftirfarandi rannsóknarspurningu, hvaða hugmyndafræði liggur að baki fjölgreinanáms og hver eru viðhorf kennara og nemenda til fjölgreinanáms?

Ritgerðin skiptist í fræðilegan hluta, viðtöl við nemendur og deildarstjóra fjölgreinanámsins og að lokum samantekt. Í fræðilega hlutanum tókum við fyrir lög um grunnskóla og Aðalnámskrá grunnskólanna og skoðum hvernig hvort um sig styður við námsleiðir eins og fjölgreinanám. Við fjöllum um einstaklingsmiðað nám en í fjölgreinanáminu í Lækjarskóla er mikil áhersla lögð á einstaklingsmiðun þar sem aðhald og eftirfylgni skipta mestu máli. Við kynntum okkur skipulag og hugmyndafræði fjölgreinanámsins og í lok fræðilega hlutans förum við yfir aðferðafræði rannsóknarinnar.

Við tókum viðtöl við tvo nemendur og einnig við deildarstjóra fjölgreinanámsins. Í samantektarkafnanum tengjum við saman fræðilegan hluta ritgerðarinnar við viðtölin og að lokum eru umræður og ályktanir okkar um efnið.

2. Grunnskólalög og Aðalnámsskrá

2.1 Lög um grunnskóla

Til þess að tryggja rétt einstaklinga setja stjórnvöld lög og reglur. Á Íslandi hefur Alþingi sett lög um grunnskóla sem eiga að tryggja einstaklingum á aldrinum 6-16 ára jafnan aðgang og rétt á menntun.

Árið 1903 kom út bókinn *Lýðmenntun* eftir Guðmund Finnbogason en með útgáfu bókarinnar má segja að Guðmundur hafi lagt fram heildstæða, ígrundaða menntastefnu sem tekur bæði til markmiða, inntaks náms og aðferða í lýðfræðslu (Guðmundur Finnbogason 1994).

Árið 1907 samþykkti Alþingi lög á Íslandi sem nefnd voru fræðslulög. Fræðslulögin skipa stóran sess í menntasögu Íslands og segja má að með þeim hafi fyrstu grunnskólalögin orðið til. Þessi fræðslulög höfðu miklar breytingar í för með sér hvað varðar skólaskyldu barna en í þeim kemur skýrt fram hvað börn eigi að hafa lært við upphaf skyldunáms sem hefst við 10 ára aldur. Þar er einnig kveðið skýrt á um það að kennt skuli að lágmarki 6 mánuði á ári og að skólaskylda sé frá 10 - 14 ára. (Grunnskólinn á Ísafirði án árs).

Frá árinu 1907 hefur mikið vatn runnið til sjávar. Lögin hafa verið í sífelldri endurskoðun og í dag heita þau grunnskólalög.

Grunnskólalögin samanstanda af 14. köflum, alls 57 lagagreinum. Í 2. grein grunnskólalaga segir að hlutverk grunnskólans sé að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Það sem skiptir megin máli í starfi grunnskóla eru þarfir nemenda, þroski, heilbrigði og menntun hvers og eins. Í skólastarfi eiga nemendur að öðlast sjálfstæða hugsun og þjálfá samstarfs og samskiptahæfni við aðra (Lög um grunnskóla nr. 66/1995).

Til þess að tryggja rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunnar setur menntamálaráðherra grunnskólum *Aðalnámsskrá* en henni er ætlað að samræma nám og kennsluskipan grunnskólanna (Menntamálaráðuneytið 2007a). Í 29. grein grunnskólalaga segir að *Aðalnámsskrá* hafi það hlutverk að tryggja nemendum sem jöfnust tækifæri í námi með tilliti til mismunandi persónugerðar, þroska, hæfileika og getu nemenda (Lög um grunnskóla nr. 66/1995).

Þar sem nemendur eru misjafnir og þarfir þeirra ólíkar, þarf starf grunnskólans að vera fjölbreytt og þannig uppbyggt að það haldi vel utan um alla nemendur sína. Í 35. grein grunnskólalaga kemur fram að allir nemendur eiga sama rétt á því að námsumhverfi skólans sé hvetjandi, að það taki mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskólanum ber að haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og að hæfileikar hvers og eins fái sín notið. Ennfremur segir í 37. grein að börn og unglingar sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika eigi rétt á sérstökum stuðningi í námi (Lög um grunnskóla nr. 66/1995).

Í 41. grein grunnskólalaga kemur skýrt fram að komi upp vandamál eða erfiðleikar ber kennurum og skólastjórnendum að leita úrræða í hvívetna. Takist það ekki skal málinu vísað til skólanefndar sem leitar áfram lausna á málinu og tekur ákvörðun eftir atvikum í samráði við sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga. Óheimilt er að víkja nemenda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði (Lög um grunnskóla nr. 66/1995).

Þrátt fyrir að lög um grunnskóla setji stífan ramma um það hvernig málum innan grunnskóla skuli háttað gefa þau á sama tíma visst svigrúm sem nýta má til úrbóta og nýjunga í skólastarfi. Í 53. grein grunnskólalaga segir orðrétt.

Menntamálaráðherra getur, með samþykki sveitarstjórnar, haft forgöngu um þróunar- og tilraunastarf í grunnskólum. Einnig getur hann veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum grunnskólum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða. Slík undanþága getur t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni. Menntamálaráðherra er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni. (Lög um grunnskóla nr. 66/1995).

2.2 Aðalnámsskrá, almennur hluti

Eins og fram kemur í kaflanum hér á undan gefur menntamálaráðuneytið út *Aðalnámsskrá* grunnskóla á grundvelli laga um viðkomandi skólastig. Einnig eru gefnar út aðalnámsskrár fyrir leikskóla og framhaldsskóla og hafa þær allar ígildi

reglugerðar en í þeim er kveðið nánar á um útfærslu laga og reglugerða. Í *Aðalnámskrá* grunnskóla koma fram skýr markmið um fyrirkomulag skólstarfs, kennsluskipan og viðmið um námskröfur og námsframvindu (Menntamálaráðuneytið. án árs)

Aðalnámsskrá er ætlað að samræma nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á og tryggja rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunar (Menntamálaráðuneytið 2007a).

Í *Aðalnámskrá* segir eftirfarandi:

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásíggjumlag eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og ófötluð, afburðagreið og greindaskert og allt þar á milli, börn úr afskekktum byggðarlögum, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu. Grunnskólum er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt (Menntamálaráðuneytið 2007a:8).

Þar sem geta nemenda er misjöfn, er það skylda hvers skóla að laga námið sem best að hverjum einstaklingi. Það þýðir að nemendur eiga rétt á að viðfangsefni, sem lögð eru fyrir þá í skólanum, henti námsgetu þeirra og hæfni.

Í stuttu máli má kalla þetta jafnrétti til náms. Það sem felst í því er að skólinn bjóði nemendum nám og kennslu við hæfi og gefi þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Skólarnir eiga að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu nemenda og áhugamál og veita þeim menntun sem hæfir hverjum og einum einstaklingi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla hafa nemendur svigrúm til þess að velja sér námsgreinar og námssvið. Þetta er hluti af skyldunámi og er tilgangurinn að gefa nemendum tækifæri á að laga námið sem mest að þörfum hvers og eins en þannig geta nemendur lagt sínar eigin áherslur í náminu miðað við áhugasvið. Með þessu valfrelsi er nemendum gefinn kostur á því að nálgast tiltekin greinasvið út frá áhuga og framtíðaráformum um leið og þeir geta valið sig frá greinum eða námssviðum sem ekki höfða til þeirra. Til þess að skólum takist allt ofangreint og ná settum markmiðum í kennslu þurfa þeir að leggja áherslu á að skapa góðan vinnuanda og vinnufrið þannig að nemendur nái sem bestu tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best (Menntamálaráðuneytið 2007a).

2.3 Aðalnámsskrá, hönnun og smíði

Í *Aðalnámsskrá* er fjallað sérstaklega um hverja námsgrein fyrir sig. Fyrir hverja námsgrein eru sett markmið bæði fyrir nemendur, kennara og skóla. Markmiðin skiptast í áfangamarkmið, þrepamarkmið og lokamarkmið.

Með lokamarkmiðum er gefin heildarmynd af því sem stefnt er að í kennslu einstakra námsgreina. Í þeim kemur fram hver tilgangur námsins er, hvernig skólar skulu sjá til þess að settum markmiðum sé náð og hvað nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi. Áfangamarkmiðin eru sett fram sem nákvæmari útlistun á lokamarkmiðum. Þau eru sett fyrir í 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Prepamarkmiðin eru svo safn markmiða eða viðfangsefna til að ná settum áfangamarkmiðum (Menntamálaráðuneytið 2007a).

Í *Aðalnámsskrá, hönnun og smíði* er talað um að forsenda þess að einstaklingsmiðað nám geti átt sér stað sé að tryggja það að hópastærð nemenda sé viðeigandi. Þar kemur fram að nemendur eigi að fá að vinna á mismunandi hraða og að mismunandi verkefnum sem hæfa getu hvers einstaklings. Þannig sé hægt að tryggja það að kennarinn hafi góða yfirsýn yfir hópinn og geti fylgst betur með nemendum sínum. Með kennslu hönnunar og smíða í grunnskólum öðlast nemendur verkaskilning með því að læra hvernig verk er brotið upp í verkþætti. Þeir læra skipulag og verkaskiptingu og lagður er grunnur að skipulagshæfileikum nemandans sem geta nýst honum bæði í námi og starfi.

Í gegnum smíðina læra nemendur að leysa vandamál er tengjast daglegu lífi manna sem skilar sér í aukinni ánægju og sjálfstrausti. Nýsköpun og frumkvöðlamente virkjar hugmyndir nemenda og nýtir þekkingu og færni þeirra til að leysa vandamál, uppfylla þarfir eða skapa gæði sem máli skipta. Tilgangurinn er að efla siðvit nemandans og frumkvæði í gegnum skapandi starf þar sem hann þjálfast í kerfisbundnum aðferðum við að útfæra hugmyndir sínar frá fyrstu hugdettu til lokaafurðar.

Í lokamarkmiðum hönnunar og smíða koma fram nokkur atriði sem sýna hvaða væntingar eru gerðar til greinarinnar. Við lok 10. bekkjar eiga nemendur að hafa öðlast eftirfarandi þætti í hönnun og smíði. Nemendur eiga að hafa eflt sjálfsmynd sína og frumkvæði með skapandi starfi. Þeir eiga að geta útfært verkefni á sinn hátt eftir getu og hafa löngun til að bæta árangur sinn. Nemendur eiga að hafa

öðlast sjálfstraust til að framkvæma hugmyndir sínar en um leið að gera sér grein fyrir takmörkum sínum. Þeir eiga að geta yfirfært og hagnýtt sér námið í öðrum námsgreinum og öfugt, hafa tamið sér að gera ætíð sitt besta við vinnu sína og geta dregið lærdóm af vinnu sinni og reynslu. Þeir eiga að hafa öðlast sjálfstraust og yfirsýn til að nota smíðakunnáttu sína á sem flestum sviðum og geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir í verkefnavinnu. Að lokum eiga þeir að geta tengt nám sitt við framhaldsskólanám (Menntamálaráðuneytið 2007b).

2.4 Einstaklingsmiðað nám

Í þrepamarkmiðum *hönnunar og smíða* má finna áherslu á einstaklingsmiðað nám. Þessi markmið eru sett fram í tíu þrepum og er þeim ætlað að gefa kost á sveigjanleika þegar þess er þörf (Menntamálaráðuneytið 2007b).

Ef einn nemandi er fyrri til að klára verkefni sín, er fljótari að læra og tileinka sér námsefnið og vill dýpka skilning sinn meira en aðrir í bekknum þarf kennarinn að vera tilbúinn til aðstoðar. Ef nemandi á í erfiðleikum með námsefnið, dregst aftur úr, hver svo sem ástæðan er þarf kennarinn að sama skapi að vera til aðstoðar til að fylla í eyðurnar og koma nemandanum aftur á rétt spor (Tomlinson 2003).

Á heimasíðu Ingunnarskóla má finna grein um einstaklingsmiðað nám. Þar er talið fram í hverju einstaklingsmiðað nám felst, rætur þess og nokkur atriði sem hafa áhrif á árangursríka einstaklingsmiðun. Einstaklingsmiðað nám felur í sér að þörfum nemandans er mætt í kennslu og námi. Áhersla er lögð á að nemendur séu virkir og beri ábyrgð á eigin námi. Þarfir nemenda eru ólíkar og er það á ábyrgð kennarans að sjá til þess að þeir fái nám við hæfi. Nemendur geta unnið að sömu viðfangsefnum en á ólíkan hátt en með því er verið að bregðast við þörfum nemenda. Höfundur talar um að rætur einstaklingsmiðaðs náms/kennslu eigi rætur sínar að rekja í kenningar um nám, menntun og nefnir þar fræðimenn á borð Vygotsky, John Dewey, Jean Piaget og Jerome Bruner. Á vefnum segir að „fræðimenn telji að enn betri árangri mætti ná ef byggt er á áhuga nemenda þegar verkefni eru valin, eða ef tekst að vekja áhuga þeirra og forvitni. Nemendum er einnig nauðsynlegt ákveðið frjálsræði til að auka m.a. sköpunargáfu sína og gagnrýna hugsun“ (Ingunnarskóli án árs).

Nemendur eru misjafnir eins og þeir eru margir. Hvort sem við tölum um uppeldi eða menntun þeirra þurfum við alltaf að gera okkur grein fyrir því að þeir hafa

ólíkar þarfir. Geta nemenda er á misjöfnum stigum í námi og þurfa kennarar því að geta brugðist við þörfum þeirra með réttum hætti (Tomlinson og Eidson 2003).

Í drögum að stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008 segir að markmiðum um einstaklingsmiðað nám megi ná með fjölbreyttum starfsháttum og námsleiðum sem taka mið af styrkleikum nemandans. Lögð er áhersla á samvinnu, samkennslu og þemanám og eiga öll verkefni að taka mið af áhuga og stöðu nemandans. Þar segir að hæfileikar nemenda eigi að njóta sín og námsframboð eigi að vera fjölbreytt í bóklegum sem verklegum greinum (Menntasvið Reykjavíkurborgar 2008).

3. Fjölgreinanám

3.1 Fjölgreinanám Lækjarskóla

Í Lækjarskóla í Hafnarfirði er boðið upp á námsleið sem kallast fjölgreinanám en það er sérstakt úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika og þá nemendur sem hneigjast meira í átt að verklegu námi en bóklegu.

Fjölgreinanámið hófst haustið 2004 og átti Elín Jónasdóttir, ráðgjafar- og þróunarfulltrúi á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, frumkvæðið að því. Forstöðumaður námsins í upphafi var Sveinn Alfreðsson sérkennari og smíðakennari (Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar 2005).

Meginmarkmið fjölgreinanámsins er að efla sjálfsmynd nemenda svo hæfileikar þeirra fái að njóta sín ásamt því að veita þeim einstaklingsmiðað nám þar sem aðhald og eftirfylgni skiptir mestu. Þar er eins og áður segir þörfum nemenda sem hneigjast að list og verkgreinum mætt og stuðlað er að því að þeir læri að undirbúa sig undir atvinnulífið ásamt því að aðstoða þá við val á starfsvettvangi. Námsmat er sniðið að hverjum og einum nemanda eins og kostur er þar sem tekið er tillit til fjölbreytileika námsins. Rík áhersla er lögð á góða mætingu nemenda, virka þátttöku og vilja til að prófa nýja hluti, einstaklingsmiðað nám og að hjálpa nemendum að gera hugmyndir sínar raunhæfar og að veruleika. Fjölgreinanámið er hugsað fyrir nemendur sem vilja öðlast jákvætt viðhorf til skólanáms, sem vilja tengja skólagöngu sína við þátttöku í atvinnulífi, minnka vægi bóknáms og þar af leiðandi auka stórlega vægi verklegra námsgreina. Námið er fyrir þá nemendur sem vilja nálgast bóknám með öðrum hætti en hefðbundið er og stunda nám í litlum hópi þar sem sérstök áhersla er lögð á umburðarlyndi og virðingu (Lækjarskóli án árs).

Vinnuvika nemenda í fjölgreinanáminu er allt að 37 kennslustundir en samkvæmt lögum um grunnskóla eiga nemendur í 8-10 bekk rétt á 1480 mínútum í kennslu á viku. Þar er gert ráð fyrir því að skólar hafi svigrúm til að skipta lágmarkstímum á hverju námssviði á milli ára innan hvers tímabils (Menntamálaráðuneytið 2007a).

Skipulag þessara 37 tíma skiptast í grófum dráttum í þrennt. Í fyrsta lagi er það kjarni sem nemur allt að 17 kennslustundum. Þar er lögð áhersla á þrjár bóknámsgreinar en þær eru íslenska, stærðfræði og enska. Inn í þessar kennslustundir

fléttast svo lífsleikni, heimspeki og kennsla um það sem skiptir máli til að geta lifað sem sjálfstæður, ábyrgur þegn í samfélaginu. Í öðru lagi verklegar greinar og svo þriðja starfskynningar og þátttaka í atvinnulífinu sem geta numið allt að tíu stundum á viku (Lækjarskóli 2007).

3.2 Þörf á úrræðum

Því miður getur nám í grunnskólum reynst mörgum nemendum mjög erfitt og geta ástæðurnar bæði verið félagslegar og námslegar. Þeir nemendur sem eiga við námsörðugleika að stríða þurfa oft á tíðum á mun meiri aðstoð að halda en í boði er. Ef ekki er gripið í taumana á réttu augnabliki og þessum nemendum boðið úrræði við hæfi flosna margir úr námi að loknum grunnskóla eða á fyrstu árum framhaldsskóla.

Árið 2005 voru 94% 16 ára ungmenna skráð í framhaldssnám á Íslandi samkvæmt tölum Hagstofunnar. Ári síðar var hlutfall þessa sama árgangs komið niður í 85% og eftir því sem lengra liður á námið hellist meira úr lestinni. Bryndís Jóna Jónsdóttir náms- og starfsráðgjafi við Flensborg í Hafnarfirði segir íslenska menntakerfið hafa á margan hátt brugðist nemendum með námsörðugleika og þeim nemendum sem hafa flosnað upp úr námi. Hún segir að úrræðin séu fá en þeim hafi þó farið fjölgandi (Jóhannes Kr. Kristjánsson 2008).

3.3 Fleiri skólar bjóða nú upp á fjölgreinanám

Haustið 2007 hóf Nesskóli í Fjarðarbyggð að bjóða upp á fjölgreinanám og er fyrirmyndin sótt til Lækjarskóla í Hafnarfirði. Styrktarsjóður Alcoa styrkti verkefnið til þriggja ára með 10,5 milljóna króna styrk. Eins og í Lækjaskóla gengur námið út á að samtvinna áhugasvið, hæfileika og nám nemenda (Fjarðabyggð 2007).

Í vetur hóf einnig Stóru- Vogaskóli á Vatnsleysuströnd að bjóða upp á fjölgreinanám fyrir 9. og 10. bekk. Þar verður aukin áhersla lögð á verklegt nám og óhefðbundnar kennsluáðferði (Stóru- Vogaskóli án árs).

Þess má til gamans geta að skólastjóri Stóru- Vogaskóla er Sveinn Alfreðsson, einn af upphafsmönnum fjölgreinanáms í Lækjarskóla.

4. Framkvæmd rannsóknarinnar

Í þessum kafla gerum við grein fyrir framkvæmd rannsóknarinnar, vali á viðmælendum og úrvinnslu gagna. Eins og fyrr hefur verið komið inn á var tilgangurinn með þessari rannsókn sá að kynna okkur fjölgreinanám við Lækjarskóla í Hafnarfirði. Markmiðið var að kanna hvaða hugmyndafræði býr þar að baki og heyra hver viðhorf nemenda og kennara séu til hennar.

4.1 Rannsóknaraðferð

Rannsóknin byggir á einstaklingsviðtölum en auk þess kynntum við okkur fræðilegar heimildir um réttindi nemenda og lög um grunnskóla á Íslandi. Við kynntum okkur skriflegar heimildir um fjölgreinanám Lækjarskóla og tókum viðtöl við nemendur og kennara fjölgreinanámsins. Viðtölin voru hálf opin, viðmælendur fáir og því er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður rannsóknarinnar þar sem þær eru einungis skoðanir lítils hóps um tiltekið efni.

4.2 Val á þátttakendum

Á fyrstu stigum heimildaröflunnar hittum við Kristínu M. Indriðadóttur, deildarstjóra fjölgreinanámsins við Lækjarskóla. Við sögðum henni að við hefðum áhuga á að skrifa um fjölgreinanám í Lækjarskóla og að okkur langaði til að ræða við nokkra nemendur fjölgreinanámsins um þeirra reynslu og upplifun af náminu. Við báðum Kristínu um að hafa samband við þrjá nemendur, einn í 10. bekk, einn í 9. bekk og svo einn nemanda sem hefði útskrifast af framhaldsbrautinni til þess að við gætum tekið viðtöl við þá.

Kristín sagði okkur frá einum dreng sem kom nýverið fram í sjónvarpsþætti á Stöð 2 vegna fréttar um framhaldsbrautina og fjölgreinanámið. Við báðum Kristínu um að setja sig í samband við hann og kanna hvort hann hefði áhuga á að hitta okkur. Við sendum Kristínu afrit af bréfi þar sem við fórum fram á leyfi foreldra til að taka viðtöl við þessa nemendur enda allir nemendurnir undir 18 ára aldri. Einnig sendum við inn til Persónuverndar tilkynningu þess eðlis að við ætluðum að ræða við þessa

aðila um þeirra nám og skoðun á fjölgreinanáminu. Við spurðum Kristínu um það hvort hún hefði áhuga á að veita okkur viðtal um fjölgreinanámið og samþykkti hún það.

Alls tókum við því fjögur viðtöl, þrjú við nemendur og eitt við deildarstjóra fjölgreinanámsins, Kristínu. Við tókum þá ákvörðun að nota aðeins tvö viðtöl nemenda í ritgerðinni þar sem eitt þeirra var ekki nógu skýrt í afspilun. Við höfum ákveðið að halda nöfnum nemenda leyndum og gefum þessum tveimur viðmælendum gervinöfnin Sigurður og Gunnar. Kristín gaf okkur þó samþykki til að birta nafn hennar sem heimild. Öll viðtölin voru tekin í húsakynnum Lækjarskóla á skólatíma. Við fengum lánaða stofu þar sem var algert næði til að hitta nemendurna og voru viðtölin tekin upp á upptökutæki. Viðtalið við Kristínu tókum við upp eftir skóla í kaffiteríu Lækjarskóla.

4.3 Úrvinnsla gagna

Í öllum viðtölunum höfðum við ákveðin viðtalsramma við hendina. Í viðtalsrammanum voru nokkrar spurningar sem leiddu okkur í gegnum viðtalið. Við gerð viðtalsrammans gengum við úr skugga um það að þær spurningar myndu draga fram svör við rannsóknarspurningunni. Viðtölin voru hálfopin eins og áður var komið inn á en það þýðir að viðmælandanum gefst tækifæri á að fara út fyrir rammann í svörum sínum og við gátum því komið með spurningar jafnóðum og okkur þótti þörf á. Við sögðum þeim nemendum sem við tókum viðtöl við að alger nafnleynd yrði og nöfn þeirra hvergi birt í þessari ritgerð. Eftir að viðtölin áttu sér stað afrituðum við þau orðrétt yfir á blað. Þar næst kóðuðum við þau og greindum í þemu. Við birtum viðtölin í tvennu lagi hér í ritgerðinni, annars vegar viðtalið við Kristínu og hinsvegar viðtölin við nemendurna.

5. Viðtal við deildarstjóra fjölgreinanáms

5.1 Uppruni og skipulag fjölgreinanáms

Í viðtali okkar við Kristínu Maríu Indriðadóttur¹ sagði hún að hugmyndin um fjölgreinanám hafi spröttið upp fyrir svona 4-5 árum síðan vegna nokkurra nemenda í 10. bekk í Hafnarfirði sem voru engan veginn að fóta sig í grunnskólanum. Var þetta prófað í eitt ár með 3-4 drengi og tilheyrði þá námsflokkum Hafnarfjarðar. Það gaf sig ekki vel og tók Lækjarskóli í Hafnarfirði þá við þessari hugmynd og gerði hana að því sem hún er í dag.

Skipulag námsins er með þeim hætti að nemendur hafa 35 kennslustundir í viku sem skiptast til helminga. 50% námsins er bóklegt og 50% er verklegt. Til að byrja með var námið einungis í boði fyrir nemendur í 10. bekk en fjótlega bættist svo 9. bekkur við. Þörfin fyrir nemendur í 8. bekk er einnig mjög mikil en hingað til hefur ekki verið hægt að sinna þeim.

Fyrir Lækjarskóla er þetta gríðarlega spennandi verkefni til að vinna að og fær skólinn aukafjárveitingu frá Hafnarfjarðarbæ, skólaskrifstofunni til þess að sinna þessu verkefni og þróa. Þeir leggja ákveðna upphæð í þetta verkefni á móti Lækjarskóla.

Kristín sagði að „á haustin er farið í að búa til einstaklingsmiðaða námskrá eða vinnuplagg með nemendum. Yfir veturinn er farið yfir námskrána jafnt og þétt og námsefnið er aðlagð að nemendum. Sumir nemendur þurfa kannski lengri tíma í einum hluta á meðan næsti nemandi þarf meiri tíma í einhvern annan hluta“.

Kristín talaði um að í fjölgreinanáminu einbeittu nemendur sér að aðalatriðunum í námsefninu en færu minna í smáatriðin. Hún nefndi dæmi um að t.d. væri ekki öll setningarfræðin eða málfræðin kennd, heldur er áhersla lögð á að nemendur nái aðalatriðunum og séu sterk á þeim sviðum. „Nemendur í 10 bekk eru að flestu leyti með sama námsefni og aðrir nemendur í árgangnum en vinnuhraðinn, vinnuaðferðir og kennsluáðferðir eru misjafnar. Mörg þeirra reyna við samræmdu prófin, sumum falla þau á, öðrum ná þau“. Hún sagði að það sem skipti mestu máli væri að þau reyna og að þau sem vilja sé hjálpað á allan þann hátt sem þörf er á.

¹ Viðtal tekið í Lækjarskóla 11. febrúar 2008

Kristín sagði að nemendur í 9. bekk væru margir að fara í námsefni 4. og 5. bekkjar. Vægið á milli námsgreina væri skoðað hverju sinni og þyrfti ekkert endilega að vera það sama á milli 9. og 10. bekkjar. Kennarar gætu stjórnað væginu eftir því með hvaða hóp verið væri að vinna með hverju sinni.

5.2 Þörfin fyrir fjölgreinanám

Kristín sagði að þörfin fyrir úrræði á borð við fjölgreinanám væri mikil.

Í námið sækjast krakkar sem hafa einhverra hluta vegna rekist illa í skólakerfinu. Ástæðurnar geta verið margar. Sem dæmi má nefna lesblindu, ólæsi, stærðfræðiblindu, félagslega tengda þætti og alla þá örðugleika sem geta tengst námi. Þessir nemendur hafa kannski náð að halda í aðra nemendur fyrstu fjögur árin en eftir því sem þau eldast þá hefur bilið breikkað. Þau missa grunninn í náminu og þar byrja vandamálin. Þau hætta að nenna að læra, missa áhugann á náminu, byrja að hegða sér illa í tímum og fíflast eða jafnvel fela sig og smám saman gleymast þau í bekknum. Um 90% af nemendum í fjölgreinanáminu eru lesblind.

Hún sagði að ef nemandi væri með lesblindu og hefði ekki fengið þá aðstoð sem til þyrfti frá fyrsta degi þá væri sagan sögð. Ef ekki væri gripið í taumana strax þá drægjust þessir nemendur aftur úr. Þegar í gagnfræðaskóla væri komið er bilið orðið svo breitt að þessir nemendur missa allan áhuga á að vera í skóla. Þau hafa engan áhuga á að læra, byrja að mæta illa og líðanin versnar dag frá degi. Þetta eru þeir nemendur sem koma í fjölgreinanámið í Lækjarskóla.

Kristín sagði að nemendur fjölgreinanámsins hafi í gegnum skólagöngu sína endað út í horni og kannski ekki hlotið nægilega aðstoð við námið. Ástæðurnar gætu verið margar. „Þegar hingað er komið komast þau ekki upp með annað en að læra. Hér fá þau alla þá aðstoð sem þau þurfa og þegar þau gera vel er þeim umbunað. Saman safna þau miðum og þegar hóparnir hafa safnað nægilega mörgum miðum fá þau skemmtiferð sem skólinn býður uppá. Mörg þeirra hafa aldrei unnið sér inn fyrir slíkri umbun áður“.

5.3 Mæting nemenda og andrúmsloft í skólanum

Í viðtalinu kom fram að í fjölgreinanámið sækja nemendur sem mættu lítið sem ekkert í skólann áður. Þangað koma jafnvel nemendur sem búið er að reka úr öðrum grunnskólum.

Til að byrja með er nemendum oft illa við að tekið sé eftir þeim. Þau hafa kannski vanist því að enginn hafi skipt sér af lélegri mætingu þeirra áður en hérna komast þau ekki upp með annað. Þau finna fljótt að hér er þeim sinnt, hér er tekið eftir þeim. Þau venjast þessu fljótt og finna hversu notalegt það er að skipta máli, enda er mætingin hér með besta móti. Ég segi það ekki að við þurfum alveg að hafa fyrir því oft í byrjun að fá þau til að mæta mörg hver. Ég hef þurft að fara heim til nemenda og ná í þau. Þá hef ég staðið við rúmgaflinn og dregið þau fram úr. Það er eflaust ekkert gaman að hafa mig við rúmgaflinn og opna augun og það fyrsta sem þau sjá er ég, gargandi á þau að koma sér í skólann. En þau koma og þetta gerist sem betur fer ekki nema einu sinni eða tvisvar.

Kristín talaði um að andrúmsloftið í skólanum væri mjög gott. Hún sagði kennara alveg þurfa að taka á hlutum á borð við einelti og virðingarleysi en fylkingar væri eitthvað sem sæist ekki í fjölgreinanáminu. Kristín sagði ennfremur að goggunarröðin væri ekkert sterk. Nemendur vissu að þau hefðu sitt pláss og svigrúm og væru því ekkert að berjast við aðra um sitt pláss. Þau upplifðu sig frekar sem einn af hópnum. Þetta væru krakkar sem væru oftast nær góð við hvort annað.

Ef það hafa orðið leiðindi á milli nemenda þá höfum við látið þau leysa það hér í skólanum. Ef einhver hefur rokið heim þá höfum við látið þau koma aftur niður í skóla og enginn fer heim fyrr en búið er að leysa málin. Eins hefur það verið gert ef nemendur eru latir eða með læti í tímum þá höfum við fengið foreldrana til að koma og sitja í tímum með krökkunum sínum. Þetta þarf ekki að gerast nema einu sinni því þau vilja alls ekki hafa mömmu og pabba inn í tíma hjá sér.

5.4 Reynsla af einstaklingsmiðuðu námi

Við spurðum Kristínu út í hennar reynslu af einstaklingsmiðuðu námi og sagðist hún hafa unnið í grunnskólum með bæði stóra bekki og litla bekki, sérdeild og sérathvarf. Hún sagði að hennar reynsla þaðan væri einfaldlega sú að þar væri erfitt að sjá einstaklingsmiðað nám ganga upp. Yfirleitt væri um stóra bekki að ræða og þar væri bara ekki hægt að ná fram einstaklingsmiðuðu námi. „Í 25-30 nemenda bekk er ekki

hægt að ætlast til þess að kennarinn geti haldið utan um hvern nemanda, hver með sína einstaklingsnámskrá. Ef þetta fyrirkomulag á að virka verður að byrja á því að kenna nemendum í upphafi skólagöngu hvernig þau búa til og halda utan um sína einstaklings portfoliomöppu“. Hún bætti við að fjöldi nemenda í hverjum bekk þyrfti að vera hæfilega stór til þess að kennarinn gæti haldið utan um hvern og einn nemanda.

5.5 Einstaklingsmiðað fjölgreinanám

Kristín útskýrði fyrir okkur hvernig skólaárið byrjaði í fjölgreinanáminu. Hún sagði að á haustin væri farið í að búa til einstaklingsmiðaða námskrá eða vinnuplagg með nemendum. Þá færi kennarinn yfir námið með hverjum nemanda fyrir sig og byrjaði út frá áhugamálum. Þar sæu kennararnir hverju nemandinn hefði áhuga á, hvar hann væri sterkur og hvar hann þyrfti að bæta sig. Þetta er byrjunarstigið í því að móta nemandann og hans námskrá fyrir veturinn. Nemendur taka stöðupróf í ensku, íslensku og stærðfræði en þannig kemur í ljós hvar þau standa. Nemendur geta valið sér lesefni að miklu leyti sjálfir og oftast nær tengist það áhugamálum. Ef nemandinn hefur áhuga á bílum eða hjólum þá nálgast nemandinn efnið úr bókum, tímaritum og af netinu.

Ef ég lána strákum bílabækling frá Ingvari Helgasyni og þeir detta í hann, vá, þennan bíl myndi ég vilja eiga, þá legg ég upp t.d dæmi fyrir þá, ef þú ætlar að kaupa svona bíl, hvað þarftu þá að hafa mikið í laun á mánuði? Hvað kostar bíllinn? Ef þú ætlar að taka bílalán og vextirnir eru þetta miklir, hvað þarftu þá að greiða á mánuði? Þannig tengi ég stærðfræðina t.d við áhugamálin.

Hún sagði kennarana leyfa nemendum að ráða ferðinni því mörg þeirra væru illa læs og jafnvel alveg ólæs. Hún sagði það ganga miklu betur að vekja áhuga þeirra á að læra með því að nota námsefni sem þau hafa áhuga á.

5.6 Nauðsynlegt að breyta til ef illa gengur

Það kom fram í viðtalinu við Kristínu að flestir nemendur í fjölgreinanáminu hefðu lítið sem ekkert verið að læra áður. Þau kynnu ekki að læra og því þyrftu kennararnir að vera sveigjanlegir í kennslunni.

Sem dæmi um þetta þá vorum við með 8 nemendur í bekk í vetur og tvo kennara að kenna þeim. Um jólin fór ég yfir önnina hjá þeim og fannst þetta fyrirkomulag engan veginn vera að skila sér. Ég breytti fyrirkomulaginu þannig að í stað þess að hafa tvo kennara í 8 manna bekk sem var ekki að skila sér þá skildum við þau að. Við skiptum bekknum í tvo 4 manna hópa og hver hópur var þá með 1 kennara. Þetta átti bara við í bóklegu greininum. Í ljós kom að þetta hefur gengið svo miklu betur eftir að við skiptum þeim niður. Þó þetta sé sami hópurinn þá hentar þetta fyrirkomulag bara svo miklu betur. Þetta getum við boðið upp á hér í skólanum.

Hún sagði að í fjölgreinanáminu gerðist það oft að þriðji kennarinn kæmi inn í tíma og tæki þá einn og einn nemanda út úr kennslunni og eyddi góðum tíma með honum í að læra og fara yfir námsefnið. Þetta væri að skila sér vel og hefðu foreldrar nemenda haft orð á því hversu mikinn mun þau finndu á krökkunum sínum.

5.7 Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Kristín sagði brýna þörf á því að tengja verklegar greinar við bóklegar og því byrjaði verklega námið oft í kennslustofunni.

Ef við ætlum t.d að fara að vinna með plast þá förum við yfir eiginleika plastsins. Hvað er hægt að búa til úr plasti og hvaða verkfæri getum við notað við það? Svo fá þau að koma með hugmyndir um það hvað þeim langar að skapa og smíða og bera þá ábyrgð á því og læra þannig betur hvað þau eru að gera.

Hún tók dæmi um þetta og sagði að ef tveir nemendur væru að smíða sér kassabíl þá teiknuðu þeir hann upp, hönnuðu hann og færu yfir hlutföllin. Með því eru þeir búnir að fara í stærðfræðina, efnafræðina og eiginleika efnisins. Þeir hafa haft alveg frjálsar hendur með smíðinni en þannig læra þeir best, með því að velja sjálfir. Kristín sagðist hafa sent nemendur niður að gatnamótum við umferðarljósinn til að telja og skrá hversu margir nota bílljós, stefnuljós eða bílbelti og látið nemendur svo reikna út hlutföllin og senda í Hafnarfjarðarblaðið. Eins hefðu kennarar látið nemendur baka piparkökuhús og leyft þeim svo að setja ljós í þau. Með því hefðu þeir lært raffræði. Lykilpunkturinn í þessu væri sá að ef nemendur væru ánægðir með það sem þeir væru að gera í verklegu tímum, þá skilaði það sér inn í bóklegu tíma og öfugt.

5.8 Fjöltækninám í Lækjarskóla

Við spurðum Kristínu út í uppruna fjöltækninámsins en í fyrrihaust byrjaði Lækjarskóli að bjóða upp á þá námsleið. Hún sagði að þetta nám væri hugsað fyrir þá nemendur í 9. og 10. bekk sem ættu erfitt með að vera í stærri hópum, nemendur sem væru alveg hættir að mæta í skólann og nemendur sem þjáðust af þunglyndi, væru félagslega eða tilfinningalega bæld eða ættu við aðra námsörðugleika að stríða. Þetta væru nemendur sem komnir væru á mjög grátt svæði og flestir löngu hættir að stunda námið. Kristín sagði að fjöltækninámið hefði verið hugsað fyrir fjóra nemendur í senn en þeir væru í dag átta talsins og umsóknirnar miklu fleiri. Hún sagði að í fjöltæknináminu væru kenndar sömu greinar og í fjölgreinanáminu bara mismikið.

Þessir krakkar eru margir hverjir þrælklárir og að miklu leyti miklu betri námsmenn en sumir í fjölgreinanáminu en þau eru bara orðin andlega og félagslega sködduð og algerlega dottin út úr náminu. Það sem er áhugaverðast við þennan fjöltæknihóp er að hann er eiginlega þrír hópar í einum hóp. Hluti af þessum hóp hefur farið aftur inn í sinn gamla skóla með hægri aðlögun og staðið sig bara rosalega vel. Annar hópurinn er í þessu úrræði því þeir nemendur munu ekki fara aftur í sinn gamla skóla, þeir klára námið héðan og útskrifast héðan. Þriðji hópurinn þyrfti að vera með sér stundatöflu, færri bóklega tíma og fleiri verklega. Þeir nemendur þyrftu að fá að stunda vinnu með sem þeir fengu sjálfir að velja út frá áhugasviði, einhverskonar verknám. Þessir nemendur sem eru í þessum hóp eru þyngsti endinn í skólakerfinu.

5.9 Framhaldsbraut Lækjarskóla

Í viðtalinu sagði Kristín að Lækjarskóli hefði byrjað með nýtt verkefni á síðasta ári sem þau kalla framhaldsbrautina. Þetta er tilraunaverkefni til fjögurra ára á vegum ráðuneytisins, Hafnafjarðarbæjar, Lækjarskóla, Iðnskólans í Hafnarfirði og Flensborgar. Framhaldsbrautin er fyrir nemendur sem lokið hafa 10 bekk en komast ekki inn í framhaldsskólana vegna lélegra einkunna eða jafnvel treysta sér ekki strax í það umhverfi. Alls geta 12 nemendur stundað nám í einu við brautina. Þangað geta nemendur sótt til að bæta einkunnir sínar.

Í raun er þetta núllti áfanginn sem var áður í framhaldsskólunum. Nemendur úr fjölgreinaeildinni hafa forgang á þessa braut eftir 10 bekk. Hún talaði um að núna um áramótin hefðu 10 nemendur útskrifast af framhaldsbrautinni og farið í Iðnskólann. Hún sagði að þetta væru nemendur sem áður höfðu enga trú á sér og sáu

ekkert framhald eftir að grunnskóla lyki. Flestir þessara nemenda kæmu úr fjölgreinanáminu. Hún sagði þetta vera nemendur sem hefðu fundið sig aftur í skóla, séð tilgang í því að mennta sig, hefðu áhuga á því sem þau tækju sér fyrir hendur og færu héðan með sjálfstraust og sterkari sjálfsímynd en þau höfðu þegar þau byrjuðu hér nám sitt. „Að horfa á eftir þessum nemendum í framhaldsskóla sýnir hversu mikilvægt þetta starf er. Að geta boðið upp á þetta umhverfi og þetta nám sem hér fer fram er bráðnauðsynlegt“.

5.10 Framtíð fjölgreinanámsins

Þegar við spurðum um það hver framtíð fjölgreinanámsins væri sagði hún að á næstunni yrði farið yfir það hvernig þetta verkefni hefði tekist. „Við höfum aflað okkur reynslu á undanförunum árum og nú er kominn tími til að fara yfir hvað má betur fara. Ef það á að bjóða upp á þennan valkost áfram þá þarf að ákveða hver framtíðarsýnin er“. Hún sagði mikla nauðsyn á námi sem þessu og að skólarnir þyrftu að hafa aðgang að svona þjónustu fyrir þá nemendur sem ekki eru að fóta sig í skólanum.

Við höfum fengið nemendur hingað inn sem hafa verið mjög illa farin sökum eineltis. Þau hafa verið gjörsamlega brotnar sálir og okkur hefur tekist að koma þeim vel á veg í náminu. Þessir krakkar eru farin að hafa úthald og einbeitingu í að læra. Þau eru farin að hafa áhuga á náminu og sjá orðið tilgang í því að mennta sig fyrir framtíðina. Áður höfðu þau lítinn sem engan áhuga eða metnað á því að vera í skóla. Foreldrarnir segjast sjá mjög mikinn mun á krökkunum sínum og hafa einhverjir sagt að þetta úrræði hafi bjargað lífi barnanna sinna.

Kristín sagði að lokum að árangur nemenda ásamt ánægju nemenda og foreldra sýndi hversu mikilvægt það væri að grunnskólar gætu boðið upp á slíkar leiðir í 8. 9. og 10. bekk.

6. Viðtöl við nemendur í fjölgreinanámi

6.1 Forsaga Sigurðar og Gunnars

Sigurður og Gunnar koma úr sama grunnskóla. Sigurður kom í Lækjarskóla eftir 10. bekk og fór þá í framhaldsdeildina. Hann stundar nú nám við framhaldsskóla í Hafnarfirði. Gunnar byrjaði í 9. bekk í Lækjarskóla í fjölgreinanáminu og er núna að ljúka 10. bekk. Báðir hafa þeir brennandi áhuga á íþróttum og æfa báðir reglulega. Sigurður er 17 ára þegar viðtalið er tekið en Gunnar 15 ára að verða 16 ára.

6.2 Gamli skólinn

Sigurður kunnir svona allt í lagi við sig í gamla skólanum og orðaði það þannig að það hefði verið svona 'lala' að vera þar. Hann sagði að þar hefði verið lítið um aga, alltaf læti í tímum og margir nemendur í bekknum. Jafnvel þótt það hefðu stundum verið færri nemendur í bekknum þá voru samt alltaf læti og mikið vesen í kringum allt. Sigurður er með lesblindu og sagði að hann hefði fengið litla aðstoð við henni og nánast engan stuðning í gamla skólanum. Þó hefði það verið misjafnt eftir því hver var að kenna hverju sinni.

Gunnar sagði að í gamla skólanum hefði hann fengið litla aðstoð í náminu og lítill skilningur var á því hversu illa honum gekk að læra. Honum gekk ágætlega í íslensku og ensku en annars gekk honum oftast nær illa í bóklegu fögnum. Hann er með stærðfræðiblindu og sagði að honum hefði gengið erfiðlega að skilja hana. Eftir að hann byrjaði í fjölgreinanáminu sagðist hann hafa bætt sig í öllum bóklegu fögnum.

6.3 Af hverju að skipta um skóla

Sigurði hafði gengið illa í samræmdu prófunum í 10 bekk og komst þar af leiðandi ekki inn í framhaldsskólann sem hann sótti um. Honum var neitað um inngöngu og bar skólinn fyrir sig að nemendur úr hverfinu hefðu forgang. Hann var í eitt ár í framhaldsdeild Lækjarskóla og sagðist hafa á þeim tíma fengið alla þá hjálp sem hann þurfti til að bæta sig í námi og ná viðunandi einkunum. Hann fékk einingar fyrir

Þetta nám sem var svo síðar meir metið inn í framhaldsskóla. Eftir þetta eina ár sótti Sigurður um í öðrum framhaldsskóla og fékk strax inngöngu. Í dag stundar hann þar nám við náttúrufræðibraut á íþróttasviði.

Gunnar hafði séð þetta nám auglýst á netinu og kynnti sér námið á heimasíðu skólans. Hann sótti um í Lækjarskóla vegna þess að honum þótti betra að vera í verklegu námi en bóklegu. Hann sagði það hafa vakið áhuga sinn að hér væru bara þrjú bókleg fög kennd, stærðfræði, enska og íslenska.

6.4 Kostir fjölgreinanáms

Í viðtalinu spurðum við nemendur um kosti þess og galla að vera í fjölgreinanámi. Gunnar svaraði því fyrir sig að hóparnir væru miklu minni. Meira væri um verklega kennslu og mikið farið í skoðunarferðir sem honum þætti rosalega spennandi. Hann sagði að mikið væri um verklega kennslu í bóklegu fögnum sem hjálpuðu honum mikið í náminu. Hann nefndi dæmi um slíka kennslu þegar nemendur mældu Fríkirkjuna á Hverfisgötunni út og bjuggu svo til piparkökuhús í smækkaðri mynd af henni. Gunnar sagði að kennararnir færu mjög vel í grunninn á námsefninu og því væri hann búinn að bæta sig mikið í öllu náminu. Einnig kom fram að kennsluhóparnir væru minni og honum þótti kennararnir ótrúlega góðir við sig, sýndu honum meiri skilning og veittu honum meiri aðstoð en hann hefði fengið í gamla skólanum.

Sigurður sagði að í framhaldsdeildinni hefði hann fengið allan þann stuðning sem hann þurfti á að halda. Honum var kennt að læra, kennt að vera jákvæður og var iðulega hrósað þegar hann gerði vel. Honum þótti kennararnir gefa sér meiri tíma en áður var og fannst þeir koma rosalega vel fram við sig. Þegar Sigurður var í gamla grunnskólanum sínum fann hann fyrir áhugaleysi og vanlíðan en þegar í Lækjarskóla var komið breyttist allt og hann fór að læra og stunda skólann af fullum krafti. Kennararnir voru jákvæðir og þó það hefðu verið mjög erfiðir einstaklingar í bekknum með honum þá skapaði það aldrei vandamál. Sigurður tók fram að hann hefði þurft að taka sig verulega á í bóklegu greinunum því hann féll í samræmdu prófunum í ensku, dönsku og stærðfræði. Í Lækjarskóla fann hann fyrir svo mikilli jákvæðni í kringum sig að ekkert annað kom til greina af hans hálfu en að bæta sig.

6.5 Gallar fjölgreinanáms

Þegar við spurðum um gallana við fjölgreinanámið sagði Sigurður að stundum væru kennararnir fullgóðir við nemendur. Oft vildu nemendur bara hanga í tölvunni og leika sér og kennararnir leyfðu það oft bara til þess að skapa ekki leiðindi. Sigurður sagði að stundum þyrftu kennarar að segja hreint nei í stað þess að segja að nemendur væru í skólanum fyrir sjálfa sig og því mættu þeir ráða ferðinni sjálfir. Einnig kom fram hjá Gunnari að oft verða þeir sem koma í fjölgreinanámið svolítið miklir villingar. Þeir hanga mikið niðri í bæ og eru kannski byrjaðir að reykja. En þrátt fyrir það þá væri samt stór hópur í náminu sem væri í íþróttum og svona eðlilegir eins og hann orðaði það.

6.6 Framtíðaráform

Við spurðum báða nemendur hver framtíðaráformin hjá þeim væru. Sigurður sem er kominn á annað ár í framhaldsskóla sagði að á næsta ári ætlaði hann sér að sækja aftur um í framhaldsskólanum sem hafði neitað honum áður. Áhuginn hjá honum lægi í að læra þjóninn og ætlaði hann sér að komast þar að núna þegar hann væri búinn að sýna fram á það að hann gæti lært og hefði betri einkunnir en síðast þegar hann sótti þar um inngöngu.

Gunnar ætlar að taka samræmdu prófin í íslensku og ensku og halda svo áfram í eitt ár í framhaldsdeildinni. Þar ætlar hann að halda áfram að bæta sig í stærðfræðinni og öðrum bóklegum greinum til að komast inn í framhaldsskóla. Þegar í framhaldsskóla væri komið langar hann að læra leiklist eða fjölmiðlun. Sigurður og Gunnar voru sammála um það og fullvissir að ef þeir hefðu ekki farið í fjölgreinanámið hefði hvorugur haft löngun til þess að halda áfram námi að 10. bekk loknum.

7. Samantekt

Við gerð rannsóknarinnar leituðum við svara við eftirfarandi spurningu.

Hvaða hugmyndafræði liggur að baki fjölgreinanáms og hver eru viðhorf kennara og nemenda til fjölgreinanáms.

7.1 Einstaklingsmiðað nám

Hugmyndin sem liggur að baki einstaklingsmiðuðu námi gengur út á það að þörfum nemandans er mætt í námi. Hann fær að nálgast námsefnið út frá eigin áhugasviði og hver nemandi hefur sína námsskrá. Í lögum um grunnskóla segir að tryggja eigi nemendum sem jöfnust tækifæri í námi með tilliti til mismunandi persónugerðar, þroska, hæfileika og getu.

Aðalnámsskrá grunnskóla styður ofangreind atriði og segir að skólar eigi að laga námið sem best að hverjum einstaklingi þannig að viðfangsefnin í skólanum henti námsgetu og hæfni hvers og eins. Þar segir enn fremur að skólarnir eigi að finna leiðir til þess að koma til móts við áhugasvið og ólíka getu nemenda þannig að menntunin hæfi hverjum og einum einstaklingi.

Í *Aðalnámsskrá*, hönnun og smíði er talað um að forsenda þess að einstaklingsmiðað nám geti átt sér stað sé að tryggja það að hópastærð nemenda sé viðeigandi. Þar kemur fram að nemendur eigi að fá að vinna á mismunandi hraða og að mismunandi verkefnum sem hæfa getu hvers einstaklings. Þannig sé hægt að tryggja það að kennarinn hafi góða yfirsýn yfir hópinn og geti fylgst betur með nemendum sínum. Þetta á ekki einungis við í hönnun og smíði, heldur má yfirfæra þetta yfir á allar námsgreinar sem kenndar eru í grunnskólanum.

Í viðtalinu við Kristínu M. Indriðadóttur, deildarstjóra fjölgreinanáms við Lækjarskóla, talar hún um einstaklingsmiðað nám og reynslu sína af því. Að hennar mati er erfitt að sjá einstaklingsmiðun í grunnskólum þar sem bekkir eru oft en ekki of stórir. Hún segir að til þess að hægt sé að ná fram einstaklingsmiðuðu námi þurfi bekkir að vera hæfilega stórir og kenna þurfi nemendum einstaklingsmiðað fyrirkomulag strax í upphafi skólagöngu. Í fjölgreinanáminu í Lækjarskóla er fjöldi

nemenda í bekk takmarkaður til þess að hægt sé að bjóða upp á einstaklingsmiðað nám í bókstaflegri merkingu.

Í viðtali við Sigurð, fyrrverandi nemenda við deildina, kom fram að ein af ástæðum þess að honum hafði gengið illa í námi hefði verið of fjölmennur bekkur. Hann er lesblindur og honum fannst hann ekki hafa fengið þá aðstoð sem hann þurfti á að halda. Í fjölgreinanáminu fann hann hinsvegar mikla breytingu á þessu og sagði að þar hefðu kennararnir veitt honum meiri tíma en áður og það væri að skila sér í betri námsárangri hjá honum. Gunnar, nemandi við deildina sagði að kosturinn við fjölgreinanámið væri hversu litlir kennsluhóparnir væru og hversu mikla aðstoð hann fengi frá kennurunum.

Frásögn þessara tveggja nemenda styður það sem Kristín er að segja um einstaklingsmiðað nám í grunnskólum og hversu mikilvægt það er að bekkir séu hæfilega stórir. Báðir nemendur fundu mikla breytingu eftir að þeir hófu nám í fjölgreinanáminu og voru sammála um að hún fælist aðallega í því hversu mikla aðstoð og gott aðhald þeir fengu í náminu ásamt því að fjöldi nemenda í hverjum bekk væru færri.

7.2 Námsörðugleikar

Það er mikilvægt að kennarar geti brugðist við misjöfnum námshraða nemenda í kennslu þannig að þeir hægu upplifi sig ekki sem dragbíta fyrir hinum og þeir sem eru lengra komnir þurfi ekki að hægja ferðina. Þetta þýðir að kennarar þurfa að hafa fjölbreyttar kennsluáðferðir og vera tilbúnir til þess að breyta fyrirkomulagi kennslunnar ef þeir sjá ekki sýnilegan árangur. Um fyrirkomulag skólastarfs segir *Aðalnámskrá* að samræma eigi nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á og að tryggja eigi rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunar.

Í viðtali við Kristínu kemur fram að fjölgreinanámið er hugsað fyrir þá nemendur sem hafa engan veginn verið að fóta sig í almennum bekkjum í öðrum grunnskólum. Hún segir að rekja megi ástæðuna til námsörðugleika, lélegrar ástundunar og litlum áhuga á náminu.

Ástæða þess að báðum viðmælendum okkar gekk illa í fyrri skólum má rekja til námsörðugleika. Sigurður sagði að hann hefði fundið fyrir miklu áhugaleysi og vanlíðan í gamla skólanum en að það hefði allt breyst til betri vegar þegar í fjölgreinanámið var komið. Gunnar talaði um að honum hefði gengið illa í nær öllum

bóklegum greinum en þó sérstaklega illa í stærðfræði en ástæða þess er sú að hann er með stærðfræðiblindu. Hann sagðist hafa fengið litla aðstoð við námið í sínum gamla skóla en eftir að hann byrjaði í fjölgreinanáminu hafi hann bætt sig í öllum bóklegu greinunum.

Að okkar mati ber skólum að leita úrræða þegar kemur að námsörðugleikum nemenda. Það er ekki ásættanlegt að nemendur með námsörðugleika upplifi sig sem lélega námsmenn og finni fyrir vanlíðan sökum þess. Úrræðin eru fyrir hendi en það er hinsvegar grunnskólanna að sjá til þess að þau séu nýtt. Í lögum um grunnskóla segir að börn og unglingar, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar eigi rétt á sérstökum stuðningi í námi. Þar segir einnig að komi ofangreindir örðugleikar upp beri kennurum og skólastjórnendum að leita úrræða í hvívetna.

Til þess að grunnskólar geti boðið upp á einstaklingsmiðað nám verða þeir að okkar mati að takmarka fjölda nemenda í bekkjum. Þetta kallar á aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin en ekki má líta framhjá þeirri staðreynd að hér skiptir námsárangur nemenda höfuðmáli. Við teljum að með þessu og að nálgast námsefnið út frá áhugasviði nemenda auki það möguleika þeirra á betri námsárangri. Það er okkar skoðun að lög um grunnskóla og *Aðalnámskrá* grunnskóla kveða skýrt á um að nemendur eigi rétt á einstaklingsmiðuðu námi. Í þeim viðtölum sem við tókum kemur hins vegar í ljós að margt þarf að breytast í grunnskólum til þess að námið geti kallast einstaklingsmiðað.

7.3 Fjölbreyttar námsleiðir

Í *Aðalnámskrá* segir að nemendur í 8. 9. og 10. bekk grunnskóla eigi að hafa kost á því að velja sér námsgreinar og námssvið. Tilgangurinn með þessu er að gefa nemendum tækifæri á að laga námið sem mest að þörfum hvers og eins. Þannig geta þeir lagt sínar eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og valið sig frá greinum eða námssviðum sem ekki höfða til þeirra.

Í fjölgreinanámi Lækjarskóla er skipting milli bóklegra og verklegra greina jöfn. Markmiðið er að bjóða upp á einstaklingsmiðað nám þar sem hæfileiki og áhugi nemenda fá notið sín. Rík áhersla er lögð á að efla sjálfsmynd nemenda og að þeir öðlist jákvæðara viðhorf til skólanáms. Sigurður sagði eina af ástæðum þess að hann sótti um inngöngu í fjölgreinanámið vera sú að verklegu greinarnar ættu betur við

hann en þær bóklegu. Hann sagði að mikið væri um verklega kennslu í bóklegum fögum og að það hjálpaði honum mjög mikið í bóknáminu. Báðir nemendurnir sem við ræddum við voru á einu máli um það að ef ekki hefði komið til fjölgreinanámsins hefði hvorugur þeirra haft löngum til þess að halda áfram námi að 10. bekk loknum.

Nemendur eru missterkir í þeim kennslugreinum sem kenndar eru í grunnskólum. Það getur hentað einum nemanda að stunda bóklegar greinar á meðan það hentar öðrum að stunda verklegar greinar. Nemendur á efri stigum grunnskólans þurfa að hafa svigrúm til þess að geta farið þá leið í námi þar sem styrkleikar þeirra og áhugasvið liggja. Við erum ekki að segja að nemendur eigi að sleppa við bóklegar greinar ef þeim gengur illa í þeim heldur þyrftu þeir að geta nálgast námsefnið út frá verklegum greinum þannig að styrkleikar þeirra nýtist betur í námi.

Það liggur í augum uppi að ef mæta á þörfum allra nemenda grunnskólans þá þurfa fjölbreyttar námsleiðir að vera í boði til þess að hver einstaklingur fái menntun við hæfi. Það er okkar skoðun að með tilkomu fjölgreinanámsins í Lækjarskóla er verið að koma til móts við ólíkar þarfir ólíkra nemenda. Við teljum að þetta úrræði þurfi að vera í boði í sem flestum skólum þannig að nemendur í grunnskólum fái tækifæri til að njóta alls hins besta sem góð menntun hefur í för með sér.

Lokaorð

Markmið okkar með þessari ritgerð var að kynnast fjölgreinanámi í Lækjarskóla. Með tilkomu fjölgreinanáms hefur Lækjarskóli boðið upp á úrræði fyrir nemendur sem hneigjast meira í átt að list og verkgreinum og þá nemendur sem eiga við námsörðugleika að stríða. Við höfum skoðað hvaða hugmyndafræði liggur að baki fjölgreinanámi og með viðtölum sýnt fram á ánægju nemenda og kennara með þetta fyrirkomulag.

Nú þegar hafa tveir grunnskólar bæst í hópinn með Lækjarskóla og bjóða upp á fjölgreinanám af einhverju tagi. Það er í höndum skólastjórnenda og kennara að skipuleggja sitt skólastarf með þeim hætti að enginn nemandi hellist úr lestinni. Ekki er hægt að setja alla nemendur undir einn hatt heldur þarf að bjóða upp á leiðir sem henta hverjum og einum. Við erum meðvitaðir um það að slíkar aðgerðir kalla á aukið fjárframlag til grunnskólanna en andleg líðan og árangur nemenda verður ekki metin til fjár. Það ætti að vera markmið okkar sem þjóðar að sjá alla nemendur okkar ljúka grunnskóla með það að leiðarljósi að mennta sig enn frekar.

Með því að bjóða upp á fjölbreyttari leiðir til náms í grunnskólum stuðlum við að því að verklegum greinum verði gert jafnt undir höfði og bóklegum greinum. Það eykur möguleika nemenda á því að finna sér nám við hæfi og minnkar þar af leiðandi líkurnar á því að þeir gefist upp á skólanum þegar lengra er komið.

Þrátt fyrir að viðmælendur rannsóknarinnar hafi verið fáir gefur frásögn þeirra til kynna að skoða þurfi nánar þörf á úrræði eins og fjölgreinanámi. Það er von okkar að þessi ritgerð varpi ljósi á nauðsyn þess að grunnskólar bjóði upp á fjölbreyttar námsleiðir.

Heimildaskrá

Fjarðabyggð. 2007. *Fjölgreinanám þróað í Nesskóla*. Vefslóð:

<http://www.fjardabyggd.is/Index/Frettir/Frettinoll/1271>

[Sótt 25. mars 2008].

Grunnskólinn á Ísafirði. Án árs. *Skólasagan*. Vefslóð:

http://www.skolatorg.is/kerfi/grsk_a_isafirdi/skoli/default.asp?fslID=183&typa=43&sidan=undirsida

[Sótt 13. febrúar 2008].

Guðmundur Finnbogason. 1994. *Lýðmenntun*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Ingunnarskóli. Án árs. *Hvað felst í einstaklingsmiðuðu námi*. Vefslóð:

http://ingunnarskoli.is/index.php?option=com_content&task=view&id=134&Itemid=211

[Sótt 7. mars 2008].

Jóhannes Kr. Kristjánsson. 2008. Kompás. Stöð 2. 13. febrúar.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995. Vefslóð:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995066.html>

[Sótt 26. janúar 2008].

Lækjarskóli. Án árs. Skipulag fjölgreinanáms. Lækjarskóli, Hafnarfirði.

Lækjarskóli. 2007. *Fjölgreinanám*. Vefslóð:

http://www.laekjarskoli.is/index.php?option=com_content&task=view&id=37&Itemid=88

[Sótt 25. janúar 2008].

Menntamálaráðuneytið. Án árs. *Aðalnámskrár*. Vefslóð:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/>
[Sótt 17. febrúar 2008].

Menntamálaráðuneytið. 2007a. *Aðalnámskrá Grunnskóla - Almennur hluti*. Vefslóð:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/3953> [Sótt 8. febrúar
2008].

Menntamálaráðuneytið. 2007b. *Aðalnámskrá Grunnskóla - Hönnun og smíði*.
Vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/3953> [Sótt 8.
febrúar 2008].

Menntasvið Reykjavíkurborgar. 2008. *Stefna og starfsáætlun menntasviðs
Reykjavíkurborgar 2008*. Vefslóð:
<http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-113>
[Sótt 8. febrúar 2008].

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar. 2005. *Skólavefritið*. Vefslóð:
[http://www.hafnarfjordur.is/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/skolavefritid2004-
2005/7blad20050513.pdf](http://www.hafnarfjordur.is/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/skolavefritid2004-2005/7blad20050513.pdf)
[Sótt 25. mars 2008].

Stóru- Vogaskóli. Án árs. *Bréf til foreldra*. Vefslóð:
<http://www.storuvogaskoli.is/Skolinn/skolastjori.html>
[Sótt 25. mars 2008].

Tomlinson, C. A. og Eidson, C.C. 2003. *Differentiation in practice. A resource guide
for differentiating curriculum*. Association for supervision and curriculum
development, Alexandria.

Tomlinson, C. A. 2003. *Fulfilling the promise of the differentiated classroom*.
Association for supervision and curriculum development, Alexandria.